

Stefna um samfélagslega ábyrgð

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar í sátt við fólk og umhverfið og leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er hluthafi í fjölda fyrirtækja í íslensku atvinnulífi. Sem slíkur hefur sjóðurinn áhrif á stjórnarhætti og samfélagsleg markmið þeirra fyrirtækja sem hann er hluthafi í. Sjóðurinn leggur áherslu á, bæði í innra starfi sem og í stjórnunarháttum fyrirtækja, umhverfið, siðferði, mannréttindi og velferð samfélagsins í heild.

Sjóðurinn leggur metnað í að styðja árlega íslenskt sprotasamfélag með því að veita fjölmörgum verkefnum sem tengjast nýsköpun stuðning. Auk ráðgjafar og faglegrar aðstoðar, eru veittir fjárstyrkir árlega til ýmissa samtaka og verkefna til að stuðla að áframhaldandi starfi þeirra.